

Athinni

Erindi nr. Þ 121/35

komudagur 3/10 1996

Úthafsveiðar, sýnd veiði en ekki gefin.

Markmiðið með þessum skrifum er að sýna fram á að, þegar verið er að takmarka rétt íslenskra skipa í úthafinu með því að semja um kvóta er ekki verið að rétta útgerðarmönnum eitthvað upp í hendurnar. Staðreyndin er sú að í mörgum og jafnvel flestum tilfellum hafa útgerðarmenn áunnið sér þennan rétt með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn.

Nærtækast dæmið í okkar tilfalli er að skoða sögu veiðanna á Flæmska Hattinum.

Í júní 1993 hóf Sunna Si 67 fyrst íslenskra skipa veiðar á Flæmska Hattinum, og hefur stundað þar veiðar síðan með einstaka hléum. Í janúar sama ár hafði Þormóður rammi hl. keypt Arnarnes SI 70, og þegar möguleikinn opnaðist fyrir veiðar á Flæmska Hattinum var farið að vinna í því að koma skipinu þangað á veiðar. Þormóður rammi mátti aftur á móti ekki gera skipið út á því svæði, þar sem skipið hafði á þeim tíma ekki veiðileyfi í íslenskri lögsögu. Því var skipið selt erlendur dótturfélagi á Kýpur. Þegar möguleiki opnaðist fyrir B-skráningu var skipið aftur fært yfir á íslenskt flagg.

Útgerðarsaga Arnarnessins er án efa á margan hátt lík sögu margra annarra skipa sem gerð hafa verið út á úthafið. Í iðflunni hér að neðan eru tölulegar upplýsingar um afkomu skipsins á þeim tíma sem það ver gert út á Flæmska Hattinum

Arnarnes SI 70, útgerð á F.C.

Allar tölur í þúsundum króna

	1993	1994	1995	Samtals
Tekjur	11.155	77.588	69.505	158.248
Gjöld	41.371	114.872	99.762	256.005
Framlegð	(30.216)	(37.284)	(30.257)	(97.757)

Eins og sjá má var afkoman óviðunandi og í árslok 1995 var tali fullreynt að hægt væri að gera skipið út á þessar veiðar. Á þessu má sjá að kostnaðurinn við að afla veiðircynslunnar hefur verið mikill og cini aðilinn sem ekki hefur hagnast á veiðunum, er sá sem tók áhættuna, þ.e. útgerðin.

Það ætti að vera umhugsunarefni fyrir þingmenn hver hvatinn sé fyrir útgerðarmenn að finna ný mið og efla þjóðarhag. Það eina sem útgerðarmenn geta verið öruggir um er að ef illa gengur hera þeir tapið.